



Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Fréttabréf

Apríl 2013

Við
þökkum
foreldrum,
starfsfólki
skólans
og nemendum
gott samstarf
á starfsárinu.

Kveðja,
stjórnin

Frá 6. fundi foreldrafélags Sunnulækjarskóla skólaárið 2012-2013.

Helena og Anne fóru á fund með Þorsteini Hjartarsyni fræðslustjóra sveitarfélagsins Árborgar og ræddu við hann um samvinnu milli foreldrafélaga í Árborg. Hann tók vel á móti þeim og ákveðið var að halda sameiginlegan fund allra félaganna hjá Þorsteini í haust. Áætluð dagsetning er 17. september.

Þorsteinn mun boða til fundarins þegar nær dregur. Áherslumál foreldrafélags Sunnulækjarskóla verða:

- Foreldraröltið
- Lagabreytingar í foreldrafélögum sveitarfélagsins varðandi kosningu fulltrúa foreldra í fræðslunefnd sveitarfélagsins.
- Samvinna foreldrafélag

Anne fór á fund með forvarnarhópi sveitarfélagsins. Gunnar forvarnarfulltrúi bauð til fundarins og stýrði honum. Sjónarmiðum og athugasemdum frá foreldrafélaginu var komið á framfæri og þeim vel tekið. Foreldrafélagið lýsir mikilli ánægju með samskiptin við Gunnar og það góða starf sem hann er að vinna í forvarnarhópnum.



Viltu hafa áhrif á skólasamfélagið? Tvö sæti laus í stjórn



Eftir að hafa starfað í foreldrafélaginu í nokkur ár munum við tvær úr stjórninni ekki gefa kost á okkur næsta tímabil. Það hefur verið sérlega ánægjulegt og lærdómsríkt að starfa í þessu öfluga foreldrafélagi í góðum félagsskap. Við hvetjum foreldra til að taka þátt og bjóða sig fram í stjórn félagsins. Fundir eru haldnir á um það bil tveggja mánaða fresti og starfið er létt og skemmtilegt. Foreldrasamfélagið í Sunnulaekjarskóla samanstendur af u.þ.b. 600 foreldrum og forráðamönnum og eru allir kjörgengir í stjórn félagsins.

Ef þið hafið áhuga eða viljið forvitnast um starfið endilega hafið samband ffsunnulaekjarskola@gmail.com eða við Lindu Björk s. 867-5878.

Þökkum foreldrum og starfsmönnum skólans fyrir frábært samstarf,
Anne og Helena



Þá var rætt um athugasemdir varðandi framkvæmd nýafstaðinna árshátíða. Einnig rætt um störf stuðningsfulltrúa. Ákveðið að funda með skólastjórnendum á næstu dögum varðandi þessi mál.

Aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn 14. maí nk. á afmælisdegi forseta Íslands, kl. 17. Stefnt að því að fundinum verði lokið kl. 19 þegar söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva hefst. Fundarboð verði sent á alla leikskólastjóra í Árborg til að væntanlegir foreldrar barna sem hefja skólagöngu að hausti 2013 fái boð.

